



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið
Suðurgata 39
101 Reykjavík
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1
850 Hella

26. nóvember 2025
MÍ202511-0126/ 6.08 / U.Æ.

Efni: Lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna landskipta innan Keldnalandis á Rangárvöllum þar sem tilgreint svæði í landi Keldna verði skilgreint sem iðnaðarsvæði.

Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar Rangárþings ytra þann 6.11.2025 var tekin fyrir í 3. lið ósk landeiganda um að skipta úr landareign sinni lóð undir iðnaðarsvæði „fyrir væntanlega Tunguvirkjun“ og svo í 10. lið þar sem samþykkt er að lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar vegna fyrirhugaðrar virkjunar verði send til umsagnar og kynnt skv. 1. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.(54. Fundur).

Hjálagt er minnisblað sem Erla Björk Þorgeirsdóttir hjá *Afli og orku* ritaði eftir fund með Minjastofnun Íslands þann 7.5.2025. Fundurinn var haldinn til að upplýsa Minjastofnun um fyrirhugaða virkjun. Í minnisblaðinu kemur fram að á tilgreindu skipulagssvæði – fyrirhuguðu virkjunarsvæði – séu merkilegar fornleifar. Því til stuðnings eru nefndar rannsóknir sem farið hafa fram á svæðinu, bæði fornleifauppgröftur í 2 garðlög og drónamyndataka ásamt grein sem bíður birtingar í erlendu tímariti um téðar minjar. Eins kemur fram í minnisblaðinu að minjarnar, áveitukerfi, þyki það merkilegar að mati sérfræðinga að til tals hafi komið innan Minjastofnunar að friðlýsa áveitukerfið sem heild. Framkvæmdaaðili lét einnig fornleifaskrá fyrirhugað framkvæmdasvæði og var það gert sl. sumar. Minjastofnun hefur fengið skráningarskýrsluna í hendur.

Því skýtur það nokkuð skökku við að skipulagsferlið sé keyrt áfram án þess að taka með í reikninginn fyrirbyggjandi mat Minjastofnunar Íslands á mikilvægi þeirra minja sem eru á skipulagssvæðinu. Því vill Minjastofnun hér með upplýsa skipulagsyfirlönd um stöðu mála. Stofnunin leggst gegn því að landnotkun svæðisins verði breytt í iðnaðarsvæði. Rétt er að áréttta að samkvæmt gr. 21 í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 „má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað“ fornleifar „nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga um fornleifauppgröft, drónamyndatöku, greinarskrif og fornleifaskráningu er sterk rök fyrir því að Minjastofnun hefji undirbúning tillögu að friðlýsingu áveitukerfisins í heild í samræmi við V. kafla laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Uggi Avarsson', with a long, sweeping flourish extending to the right.

Uggi Avarsson
Minjavörður Suðurlands